GILDI
lífeyrissjóður

Starfsemi á árinu 2014

Hrein raunávöxtun 8,8%

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2014	31.12.2013
Verðbréf með breytilegum tekjum	165.575	130.262
Verðbréf með föstum tekjum	184.275	168.855
Veðskuldabréf	15.771	15.271
Bankainnstæður	4.018	19.157
Kröfur	1.507	1.829
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	427	329
Skuldir	- 234	- 1.380
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**371.338**	**334.324**

Breytingar á hreinni eign:	2014	2013
Iðgjöld	14.060	13.624
Lífeyrir	- 11.336	- 10.211
Framlag ríkisins vegna örorku	1.107	986
Fjárfestingartekjur	33.786	28.256
Fjárfestingargjöld	- 230	- 223
Rekstrarkostnaður	- 428	- 416
Aðrar tekjur	55	49
Hækkun á hreinni eign á árinu	37.014	32.066
Hrein eign frá fyrra ári	334.324	302.258
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**371.338**	**334.323**

Kennitölur:	2014	2013
Hrein nafnávöxtun	9,9%	9,1%
Raunávöxtun	8,9%	5,5%
Hrein raunávöxtun	8,8%	5,3%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	5,0%	2,9%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	2,0%	2,5%
Eign umfram áfallnar skuldbindingar (%)	1,7%	- 2,6%
Eign umfram heildarskuldbindingar (%)	- 0,9%	- 3,5%
Fjöldi sjóðfélaga	28.073	26.772
Fjöldi launagreiðenda	4.369	4.330
Fjöldi lífeyrisþega	18.189	17.110

Afkoma

Hrein nafnávöxtun samtryggingadeildar sjóðsins á árinu 2014 var 9,9% sem jafngildir 8,8% hreinni raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 15,8% og erlend hlutabréf hækkuðu um 15,0% í krónum. Erlend hlutabréf sjóðsins samanstanda af skráðum verðbréfum og óskráðum fjárfestingarsjóðum. Raunávöxtun skuldabréfa var 4,7%. Hrein eign samtryggingadeildar í árslok 2014 var 368,3 milljarðar króna og hækkaði um 36,9 milljarða frá fyrra ári. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru heildarskuldbindingar sjóðsins 0,9% umfram eignir í árslok 2014.

Eignir sjóðsins skiptast þannig: Innlend ríkistryggð skuldabréf eru 37,4%, erlend hlutabréf 26,8%, innlend hlutabréf 16,5%, veðskuldabréf 4,3%, önnur skuldabréf 13,2%, innlán 0,9% og erlendir fasteignasjóðir 0,8%.

Séreign

Hrein nafnávöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I skilaði 7,4% ávöxtun, Framtíðarsýn II skilaði 6,5% og Framtíðarsýn III, sem er verðtryggður innlánsreikningur, skilaði 2,5%. Hrein raunávöxtun var á sama tíma 6,3%, 5,5% og 1,5%. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu samtals 164 milljónum króna á árinu. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2014 var 3.073 m.kr. og hækkaði um 130 m.kr. frá fyrra ári.

Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Í lok árs 2014 var samþykktur samruni Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og tók Gildi við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 1. janúar 2015.

Ársfundur 2015

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar. Sjóðfélagafundur verður haldinn á Ísafirði 17. apríl.

Stjórn sjóðsins:

Harpa Ólafsdóttir, formaður
Árni Bjarnason
Elínbjörg Magnúsdóttir
Konráð Alfreðsson
Þorsteinn Víglundsson, varaformaður
Birna Ósk Einarsdóttir
Hjörtur Gíslason
Þórunn Liv Kvaran

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is